



SMÁÍS

VERKLAGSREGLUR FYRIR SJÓNVARP

Eftirfarandi verklagsreglur fyrir sjónvarp voru samdar af sjónvarpssviðinu til þess að kveða nánar á um eftirlit með þeim almennu reglum sem almennu samþykktirnar innihalda auk framkvæmdar þeirra.

Samþykkt af aðalstjórn SMÁÍS 18. júlí 2006.



SMÁÍŠ

SKILGREININGAR

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við í þessum reglum:

Hljóð- og myndefni

Kvikmyndir (afritaðar á myndmiðlunarbúnað), dagskrárþættir og vörur sem eru myndskeið úr fyrrgreindu efni, til dæmis sýnishorn, auglýsingar og kynningarefni.

Mat

Það að meta möguleg skaðleg áhrif hljóð- og myndefnis á ungt fólk, að teknu tilliti til Kvikmyndaskoðun, án þess að tilgreina sérstaka flokkun.

Flokkun

Árangur flokkunar þar sem efnið er flokkað fyrir ákveðna aldurshópa og, ef við á, í eina eða fleiri efnisflokkunar þar sem skilgreint er það innihald hljóð- og myndefnisins sem gæti reynst skaðlegt.

Flokkunareyðublað

Röð spurninga um innihald hljóð- og myndefnisins.

Flokkunarlykill

Niðurstöður eftir að flokkunareyðublaðið hefur verið fyllt út. Á þeim grundvelli er efnið svo flokkað með tilliti til aldurshópa.

Flokkunarkerfi

Flokkunareyðublaðið og flokkunarlykillinn í sameiningu.

Flokkun

Það að beita flokkunarkerfinu á hljóð- og myndefni.

Auglýsing

Hljóð- og myndræn auglýsingaskilaboð þar sem hljóð- og myndefni er auglýst.

Aðalvaran

Hljóð- og myndefni sem sýnishorn, auglýsing eða kynningarefni hefur verið unnið upp úr. Aðalvaran er alltaf dagskrárþáttur.

Innihaldsflokkun

Sá flokkur sem varan lendir í að aflokinni flokkun á hljóð- og myndefni, þar sem tilgreind er sú skaðsemi sem ungu fólki gæti mögulega stafað af innihaldinu og gefin er til kynna með ákveðnu tákni í fastri röð sem hér segir: – ,ofbeldi' (táknmynd: hnefi), ,ótti' (táknmynd: könguló), ,kynlíf' (táknmynd: karl og konu merki), ,gróft orðbragð' (táknmynd: talmerki með @, * og ! stöfum), ,mismunur' (táknmynd: hópur fólks og einn með öðrum lit) og ,misnotkun vímuefna og/eða áfengis' (táknmynd: sprauta).

Kvikmyndaskoðun

Nafn flokkunarkerfisins með viðeigandi táknmyndum frá PEGI sem notaðar eru til að gefa upplýsingar um möguleg skaðleg áhrif hljóð- og myndefnis á ungt fólk.



SMÁÍS

Aldursflokkun

Aldursflokkun að aflokinni flokkun á hljóð- og myndefni, þar sem tilgreind er sú skaðsemi sem ungu fólki gæti mögulega stafað af innihaldinu og gefin er til kynna með aldurstáknmynd sem hér segir: ,ekki skaðleg/leyfð öllum aldurshópum' (táknmynd: L), ,ekki mælt með fyrir börn undir 7 ára aldri' (táknmynd: 7), ,ekki mælt með fyrir börn undir 12 ára aldri' (táknmynd: 12) , ekki mælt með fyrir börn undir 14 ára aldri' (táknmynd: 14), ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri' (táknmynd: 16) og , ekki mælt með fyrir börn undir 18 ára aldri' (táknmynd: 18)..

Bein útsending

Dagskrárþáttur sem sendur er út beint án þess að neitt efni sé tekið upp fyrir fram.

Fréttir og fréttaskýringabættir

Dagskrárefni sem inniheldur (að mestu) daglegar fréttir og fréttaskýringabætti þar sem fjallað er um ýmis málefni sem hafa fréttagildi og/eða eru til skýringar þeim.

Sjónvarpsfyrirtæki

Fyrirtæki sem sendir út dagskrárefni eins og lýst er í 1. grein lið t (opinber sjónvarpsfyrirtæki) og 1. grein lið x (sjónvarpsfyrirtæki í einkaeigu) í lögum um fjölmiðla.

Fastákveðinn stigalisti

Stytt flokkunarkerfi sem nota má til að skilgreina flokkun.

Táknmynd

Kvikmyndaskoðun og PEGI lógóin sem sýnir flokkun á grundvelli aldurs og samþykkis.

Dagskrá fyrir sérstakt sjónvarpsfyrirtæki

Dagskrá sem er send út rugluð og ætluð er ákveðnum hluta almennings, það er þeirra sem gert hafa samning um móttöku dagskrár við sjónvarpsfyrirtækið og sem varðar viðeigandi dagskrá eins og skilgreint er í 1. grein lið l í lögum um fjölmiðla.

Dagskrá

Rafræn afurð með hljóð- og myndefni sem ætluð er til útsendingar og sem allur almenningur eða hluti hans getur séð, þó að undantekinni tölvuþjónustu, þjónustu sem aðeins er í boði samkvæmt persónulegri beiðni eða annarri gagnvirkri þjónustu.

Dagskrárþáttur

Skýrt skilgreindur og skilgreinanlegur hluti dagskrárefnis.

Kynningarefni

Kynning í sjónvarpi á dagskrárþætti sem viðkomandi sjónvarpsfyrirtæki sendir út sjálft.

Seinkuð bein útsending

Dagskrárþáttur sem tekinn er upp beint og síðan sendur út með nokkurri seinkun.

Þáttaraðir



SMÁÍS

Tölubundin röð dagskrárþátta sem eru samtengdir og bera sama heiti.

Textasjónvarpsefni

Sjónvarpsefni, eingöngu með kyrrum skjámyndum, sem notandi getur nálgast í þeirri röð sem viðkomandi hentar best og á hvaða tíma sem er, og sem sent er út á sama tíðnisviði eða sömu rás og notuð er til að senda út annað dagskrárefni eða stillimynd.

Myndband

Mynd sem almennt séð tekur ekki lengri tíma en tíu mínútur í sýningu, byggist á eða er tengd einni eða fleiri útgáfum af tónlistarefni frá sviðslistamönnum og jafngildir því sem almennt er kallað 'lag' þegar um hljóðupptöku er að ræða.

DAGSKRÁ

1. grein

Dagskrá sjónvarpsfyrirtækis verður að uppfylla skilyrði þessara verklagsreglna.

ÁBYRGÐ SJÓNVARPS/ÚTVAPSFYRIRTÆKIS

2. grein

Sjónvarpsfyrirtækið skilgreinir form og innihald dagskrárefnis síns og ber ábyrgð á því sem sent er út á útsendingartíma.

ÚTSENDINGARTÍMAR

3. grein

- 3.1 Sjónvarpsfyrirtækið sendir ekki út dagskrárþætti sem flokkaðir eru sem 'ekki mælt með fyrir börn undir 12 ára aldri' fyrir kl. 20.00 og ekki dagskrárþætti sem flokkaðir eru sem 'ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri' fyrir kl. 22.00.
- 3.2 Þessir sendingartímar eiga ekki við um dagskrárþætti í sérstöku sjónvarpsefni, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - a. að efnið sé útbúið sérstökum tæknilegum möguleika til eftirlits fyrir foreldra (að jafnaði leyninúmer) sem hægt er að nota til þess að loka fyrir dagskrárþáttinn hvenær sem er,
 - b. fyrir kl. 20.00 má ekki efni sem ætlað er öllum, 'ekki skaðlegt/leyfð öllum aldurshópum' eða 'ekki mælt með fyrir börn undir 6 ára aldri' ekki vera strax á undan eða beint á eftir efni sem flokkað er sem 'ekki mælt með fyrir börn undir 12 ára aldri' eða 'ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri' og efni sem sýnt er fyrir kl. 22.00 og ætlað er öllum má ekki vera strax á undan eða beint á eftir efni sem flokkað er sem 'ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri'. Hafa þarf að minnsta kosti 10 mínútna hlé þar á milli.



SMÁÍS

MAT

4. grein

- 4.1 Sjónvarpsfyrirtækið hefur leyfi til þess að meta sjálft dagskrárþætti sína hvað varðar möguleg skaðleg áhrif á ungt fólk, með hliðsjón af Kvikmyndaskoðun eða með því að nýta sér fastákveðna stigalistann.
- 4.2 Ef sú prófun leiðir í ljós að dagskrárþættir eru ekki taldir vera skaðlegir fólki á hvaða aldri sem er, þarf sjónvarpsfyrirtækið ekki, þrátt fyrir það sem kemur fram í 1. grein, lið 1 í almennu samþykktunum, að flokka dagskrárþætti.
- 4.3 Þeir dagskrárþættir, sem í ljós koma í samræmi við næstu málsgrein á undan að eru ekki skaðlegir, flokkast sem 'ekki skaðlegir/leyfðir öllum aldurshópum' og ekki þarf að tilkynna um þá á grundvelli 12. greinar þessara verklagsreglna.

FLOKKUN

5. grein

Ef mat hefur verið gert í samræmi við fyrri grein sem leiðir til þess að sjónvarpsfyrirtækið er þeirrar skoðunar að dagskrárþátturinn gæti verið skaðlegur fólki yngri en 16 ára, ber fyrirtækinu að flokka dagskrárliðinn í samræmi við 1. grein, lið 1 í almennu samþykktunum.

FRÉTTIR OG FRÉTTASKÝRINGARÞÆTTIR

6. grein

- 6.1 Fréttir og fréttaskýringarþætti þarf ekki að flokka, þátt fyrir það sem fram kemur í 1. grein, lið 1 í almennu samþykktunum. Ef fréttir eða fréttaskýringarþáttur innihalda myndefni sem gæti valdið ungum áhorfendum óhug ber sjónvarpsfyrirtækinu að gefa viðvörðun þar að lútandi í viðkomandi dagskrárþætti fram til kl. 22.00.
- 6.2 Sjónvarpsfyrirtækið ákveður sjálft hvaða myndefni gæti valdið ungum áhorfendum óhug.

SEINKUÐ BEIN ÚTSENDING

7. grein

- 7.1 Seinkaðar beinar útsendingar þarf ekki að flokka, þátt fyrir það sem fram kemur í 1. grein, lið 1 í almennu samþykktunum.
- 7.2 Þegar verið er að meta efni seinkaðrar beinar útsendingar ber sjónvarpsfyrirtækinu að taka tillit til útsendingartíma og öfugt.
- 7.3 Gerist það að í seinkaðri beinni útsendingu sé sýnt áður upptekið myndefni, ber sjónvarpsfyrirtækinu að meta áður upptekið myndefni útsendingarinnar og aldursflokka það í samræmi við hæstu aldursflokkun þess myndefnis sem fyrir er.

MYNDBÖND

8. grein

- 8.1 Myndbönd þarf ekki að flokka, þátt fyrir það sem fram kemur í 1. grein, lið 1 í almennu samþykktunum.
- 8.2 Sjónvarpsfyrirtækinu ber að meta myndbandið í samræmi við 4. grein, 1. lið í þessum verklagsreglum með það fyrir augum að skilgreina á hvaða tíma skuli senda myndbandið út í ljósi 3. greinar, 1. liðs í þessum verklagsreglum.

ÞÁTTARÆÐIR

9. grein



SMÁÍŚ

- 9.1 Þrátt fyrir það sem fram kemur í 4. og 5. grein verklagsreglna þessara má sjónvarpsfyrirtækið meta/flokka þáttaröð á grundvelli sýnishorns, þó að því tilskildu að nýtt sýnishorn sé skoðað í upphafi hvernar nýrrar árlegrar þáttaraðar.
- 9.2 Sjónvarpsfyrirtækið ákveður sjálft, í ljósi skilgreininga í verklagsreglum þessum, hvaða dagskrárþætti það kys að flokka sem þáttaraðir.
- 9.3 Aldursflokkun (hvert ár fyrir sig) á þáttaröð í heild sinni er skilgreind á grundvelli sýnishorns þáttar eða þátta sem fékk hæsta flokkun.
- 9.4 Innihaldsflokkun (hvert ár fyrir sig) á þáttaröð í heild sinni er skilgreind á grundvelli sýnishorns þáttar eða þátta sem fékk hæsta aldursflokkun.
- 9.5 Fjöldi sýnishorna af þáttum er háð lengd þáttaraðarinnar. Meginreglan um fjölda sýnishorna er sem hér segir:

Lengd þáttaraðar	Fjöldi sýnishorna	Hvaða þættir eru sýnishorn
2 til 6 þættir	2 þættir	nr. 1 og 2
7 til 13 þættir	3 þættir	nr. 1, 2 og 3
14 til 19 þættir	4 þættir	nr. 1, 2, 3 og 4
20 til 25 þættir	5 þættir	nr. 1, 2, 3, 4 og 5
26 til 30 þættir	6 þættir	nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 6

- Séu fleiri en 30 þættir sýndir á hverju ári eru fyrstu sex þættir af fyrstu 30 (í sömu númeraröð og fram kom hér að ofan) teknir sem sýnishorn og eftir það 2 þættir af hverjum 30, það er fyrstu tveir þættirnir af næstu 30 þáttum. Ekki þarf að flokka fleiri en 10 þætti úr hverri þáttaröð hvert ár. Sé um að ræða þáttaraðir sem ganga árum saman ber að meta þætti hvert ár fyrir sig á sama hátt og lýst var hér að ofan.
- 9.6 Sé ekki mögulegt að skoða sýnishorn eins og lýst er hér að ofan ber sjónvarpsfyrirtækinu að taka eins mörg sýni og hægt er og því ber skilyrðislaust að skoða 1. þátt.

KYNNINGAREFNI

10. grein
- 10.1 Ekki þarf að flokka kynningarefni (,afleidd myndskleið'), þrátt fyrir það sem fram kemur í 10. grein, 1. lið í almennu samþykktunum.
- 10.2 Sjónvarpsfyrirtækinu ber að meta kynningarefni í samræmi við 4. grein, 1. lið í verklagsreglum þessum til þess að skilgreina á hvaða tíma megi senda kynningarefnið út, í ljósi 3. greinar, 1. liðs í verklagsreglum þessum.
- 10.3 Kynningarefni með myndskleiði úr aðalefni sem flokkað er sem ,ekki mælt með fyrir börn undir 12 ára aldri' eða aðalefni sem flokkað er sem ,ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri' má aldrei senda strax á undan, samtímis eða beint á eftir dagskrárþætti sem sérstaklega er ætlaður börnum upp að 7 ára aldri. Hafa þarf að lágmarki 10 mínútna hlé, bæði á undan og eftir viðkomandi dagskrárþætti.
- 10.4 Í kynningu skal aldursflokkun aðalefnisins ávallt koma fram.

AUGLÝSINGAR

11. grein
- 11.1 Sjónvarpsfyrirtækið sendir út auglýsingar í samræmi við flokkunina.
- 11.2 Til viðbótar 10. grein almennu samþykktanna gildir að auglýsingar sem kynna hljóð- og myndefni með aldursflokkuninni ,ekki mælt með fyrir börn undir 12 ára aldri' eða ,ekki mælt með fyrir börn undir 16 ára aldri' má aldrei senda strax á undan, samtímis eða beint á eftir dagskrárþætti sem



SMÁÍS

sérstaklega er ætlaður börnum upp að 7 ára aldri. Hafa þarf að lágmarki 10 mínútna hlé, bæði á undan og eftir viðkomandi dagskrárþætti.

ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGAR TIL NEYTENDA

12. grein

- 12.1 Sjónvarpsfyrirtækið sér svo um að táknmyndir séu sýndar rétt fyrir eða um leið og viðkomandi dagskrárþáttur hefst.
- 12.2 Sjónvarpsfyrirtækið sér svo um að táknmyndir komi fram í (rafrænu) dagskrárkynningarefni og í Textavarpi, sé það til staðar.
- 12.3 Sjónvarpsfyrirtækið gætir þess að fremsta megni að táknmyndir komi fram í öðru (rafrænu) dagskrárkynningarefni og í Textavarpi.
- 12.4 Sjónvarpsfyrirtækið gætir þess að fremsta megni að táknmyndir komi fram í dagblöðum, vikuritum og tímaritum.

NOTKUN Á TÁKNMYNDUM Í SJÓNVARPI

13. grein

Sjónvarpsfyrirtækið gætir þess að táknmyndirnar komi fram á eftirfarandi hátt:

Með dagskrárþáttum:

- Fjöldi sekúndna: 5
- stærð: sama stærð og lógó sjónvarpstöðvar
- hvar: þar sem lógó sjónvarpsstöðvar er haft eða sem kynningarspjald áður en dagskrárþátturinn hefst
- hvenær: sem kynningarspjald við upphaf dagskrárþáttarins

Með kynningarefni:

- Fjöldi sekúndna: 3
- stærð: sama stærð og lógó sjónvarpstöðvar
- hvar: engar leiðbeiningar
- hvenær: engar leiðbeiningar

VIÐBÆTUR VIÐ VERKLAGSREGLURNAR

14. grein

- 14.1 Hægt er að senda skriflegar tillögur til stjórnarinnar um breytingar á verklagsreglum þessum. Stjórnin ákveður hvort hún samþykkir breytingarnar innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fram.
- 14.2 Verklagsreglur þessar mega hvorki vera andsnúnar lögum, félagslögum né almennu samþykktunum.